Akraneskaupstaður auglýsir nýjar lóðir til úthlutunar




Akraneskaupstaður auglýsir nýjar fjölbýlishúsalóðir í Skógarhverfi 1. áfanga og einnar hæðar par- eða raðhúsalóðir Skógarhverfi 2. áfanga lausar til umsóknar.

Um að ræða 12 fjölbýlishúsalóðir við Asparskóga sem tilheyra Skógahverfi 1. áfanga og 29 einnar hæðar par- eða raðhúsalóðir við Álfalund og Akralund sem tilheyra Skógarhverfi 2. áfanga. Lóðirnar eru þegar byggingarhæfar.

Um auglýsingu og úthlutun lóða gilda reglur Akraneskaupstaðar frá árinu 2015 en auglýsa skal nýjar lóðir sérstaklega með 2ja vikna umsóknarfresti að lágmarki og fer úthlutun fram samkvæmt vinnureglum ef fleiri en einn sækir um hverja lóð.

Umsóknareyðublöð, lóðarblöð, gjaldskrár, skipulags- og byggingaskilmálar og aðrar upplýsingar er að finna á vefsíðunni **www.akranes.is/nyjarlodir**

Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar 2018.



Einkunnarorð sveitarfélagsins eru jákvæðni, metnaður og víðsýni. Akraneskaupstaður er ört vaxandi bæjarfélag með rúmlega sjö þúsund íbúa. Mikil áhersla er lögð á góða þjónustu við bæjarbúa og fagleg vinnubrögð í stjórnsýslunni.

Akraneskaupstaður